



Allsherjar- og menntanefnd Alþingis

Reykjavík 4. des. 2022

***Frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu (dreifing ösku), 27. mál _
Umsögn Reykjavíkurborgar***

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis 22. nóv. 2022 varðandi umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu (dreifing ösku), 27. mál.

Lagt er til í frumvarpinu að virða beri ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift. Gert er síðan ráð fyrir að nánari reglur um dreifingu verði í reglugerð.

Í greinargerð er vísað til reglna á Norðurlöndunum þar sem tilteknar eru ýmsar takmarkanir svo sem að óska þurfi eftir leyfi t.d. sýslumanns eða eiganda lands en það má skilja að flutningsmenn frumvarpsins reikni ekki með neinum takmörkunum á dreifingu ösku.

Eigandi eða umráðamaður lands er mögulega ekki sáttur við dreifingu ösku á sínu landi þrátt fyrir vilja hins látna. Þó að það sé óheimilt að merkja staðinn þá er hægt að merkja með öðrum leiðum þ.e. með því að tala um hvar öskunni var dreift.

Útivistarsvæði sveitarfélaga gætu mögulega orðið eftirsótt fyrir öskudreifingu. Eðlilegt er að sveitarfélagið hefði eitthvað um það að segja hvort ösku yrði dreift á útivistarsvæði en auðvitað mætti hugsa sér að sveitarfélag skilgreindi ákveðið svæði þar sem heimilt væri að dreifa ösku.

Lagt er til að gert verði ráð fyrir leyfi landeigenda eða umráðamanns lands fyrir dreifingu ösku.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,

Þórólfur Jónsson
deildarstjóri náttúru og garða